

AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi þróunarreits 3A, Áshamar 2, Hamranesi.
Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 31. maí 2023 breyting á deiliskipulagi Áshamars 2 vegna stækkunar á lóð fyrir djúpgáma. Málsmeðferð var samkvæmt 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Nýtt deiliskipulag Hamranesi, götur, stígar, stofnanalóðir og veitur.
Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn á fundi sínum 15. febrúar 2023 nýtt deiliskipulag fyrir götur, stíga, stofnanalóðir og veitur í Hamranesi. Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. ofnagreindra laga. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 2. júní 2023.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.